

# Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands,

## kl. 10:00 miðvikudaginn 5. febrúar 2020 á Strikinu

Mættir stjórnarmenn: Baldvin Esra Einarsson formaður, Edda Hrund Guðmundsdóttir, Sigurður Líndal, Viggó Jónsson, Tómas Árdal varamaður og Þórdís Bjarnadóttir varamaður. Arngrímur Arnarson boðaði forföll.

Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri, Hjalti Páll Þórarinsson og Rögnvaldur Már Helgason.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund. Fól svo framkvæmdastjóra að ganga til dagskrár.

### 1. Hagsmunamál

Umræður um hagsmunamál ferðaþjónustu á Norðurlandi og hvernig MN á að beita sér í hagsmunabaráttu fyrir ferðaþjónustuna. Fram kom að starf MN í hagsmunabaráttu væri mikilvægt og að stærstu hagsmunamálin væru samgöngur, markaðsmál og samspil umhverfis og ferðaþjónustu.

Hádegishlé

### 2. Áfangastaðastofur

Stjórn MN tók þátt í fundi með SSNV og SSNE um áfangastaðastofur og stofnun slíkrar stofu á Norðurlandi. Almennar umræður um verkefnið og samstarf SSNV, SSNE og MN um verkefnið.

Að loknum fundi með SSNV og SSNE fundaði stjórn MN frekar um málið.

*Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna með fulltrúum SSNV og SSNE að undirbúningi og tillögum að fyrirkomulagi áfangastaðastofu á Norðurlandi.*

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 15:35

Fundarritari HPP